



Fundargerð

301. afgreiðslu- og samráðsfundur byggingarfulltrúa,
haldinn í fjarfundi, 9.mars 2021, kl. 09:15

Viðstaddir:

Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Sigmundur Eypórsson tæknifulltrúi, Maríanna H. Einarsdóttir tæknifulltrúi, Gunnar Kr. Ottósson skipulagsfulltrúi, Sigurður Skarphéðinsson Brunavarnir Suðurnesja, Hannes Friðriksson vinnueftirlit og Brynja Þóra Valtýsdóttir ritari.

* * *

1. Þórustígur 9 (2021020394)

Davíð Ragnar Bjarnason kt.150454-3449, Irma Stanisauskiene kt 050780-4739, Remigijus Stanisauskas kt.260877-3139, Unnur Inga Karlsdóttir kt.150953-3169 sækja um byggingarleyfi fyrir breytingum á bílgeymslu í íbúð.

Erindi frestað. Gögn ekki fullnægjandi.

2. Skólavegur 6 (2021020697)

Sigríður Magnúsdóttir kt.260362-6589 f.h. Ríkiseigna kt. 690981-0259 og Ríkissjóðs Íslands kt.540269-6489 sækir um byggingarleyfi fyrir viðhaldsframkvæmdum og endurskipulagningu 1. og 3. hæðar. Bráðamóttöku, rannsóknarstofum, myndgreiningu og aðgerðarhluta heilsugæslu er komið fyrir á fyrstu hæð. Endurhæfingu geðteymis komið fyrir á þriðju hæð ásamt búningaaðstöðu starfsmanna, gistirýmum vakthafandi starfsfólks og þjónustu, sbr. aðaluppdráttum Teiknistofunnar TRÖÐ dags. 17.02.2021.

Byggingaráform samþykkt. Eldvarnaeftirlit Brunavarna Suðurnesja hefur yfirfarið teikningar af breytingum á húsnæði Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja að Skólavegi 6, 230 Reykjanesbæ. Eru þessar breytingar löngu tímabærar og til mikilla bóta fyrir starfsfólk HSS og þeirra skjólstæðinga, að ekki sé minnst á t.d. persónuverndarsjónarmið fyrir sjúklinga sem fara inn á bráðamóttöku fyrir allra augum og ekki alltaf á sínum bestu stundum. Því skýtur dálítið skökku við að ekki sé hugsað fyrir aðkomu sjúkrabíla í bílskýli við nýja bráðamóttöku að norðanverðu. Hefur þetta verið kappsmál Brunavarna Suðurnesja sem hafa sinnt sjúkraflutningum á Suðurnesjum frá 1988 og hefur aðkoma að aðalanddyri HSS við flutning á sjúklingum verið óboðleg frá upphafi auk þess sem bæði slys og skemmdir á bifreiðum hafa orðið, því oft hafa þessir flutningar verið í misjöfnum og oft mjög slæmum veðrum auk þess að vera í auglýsning allra sem hafa átt erindi á HSS á þeim tímum.



Er því skorað á HSS og hönnuði að skoða með að setja upp bílskýli yfir anddyri að fyrirhugaðri bráðamóttöku þar sem sjúkraflutningsfólk og sjúklingar geta komist að stofnuninni á öruggan og þægilegan hátt fyrir alla, hvort sem það eru skjólstæðingar eða starfsfólk.

Vinnueftirlitið gerir athugasemdir við aðkomu sjúkrabíla og vinnuaðstöðu sjúkraflutningamanna sem er skv. þessari tillögu ætlað að vinna utandyra í allskonar veðrum við flutninga á sjúklingum inn í húsið. Vinnueftirlit vísar 2.kafla. 3.gr um vinnurými en þar stendur

Embættið leggur áherslu á að gerð verði viðunandi aðstaða fyrir aðkomu sjúkrabíla og tekur undir fram komnar ábendingar Vinnueftirlitsins og aðstoðarslökkviliðsstjóra BS

3. Stapabraut 21 (2021020771)

Helga Guðrún Vilmundardóttir kt.080379-4719 f.h. Blue Mountain ehf kt.530906-0860 sækir um byggingarleyfi fyrir þjónustuhúsi og tjaldsvæði sbr. aðaluppdráttum frá STÁSS arkitektum dags. 24.02.2021.

Byggingaráform samþykkt.

4. Tjarnargata 36 (2019060368)

Jóhann Smári Sævarsson kt.021066-4009 sækir um byggingarleyfi fyrir breytingum á einbýlishúsi sbr. aðaluppdráttum JeES arkitektum dags. 25.01.2021. Erindið var áður á dagskrá 18. febrúar s.l., þá frestað.

Byggingaráform samþykkt.

5. Iðavellir 11B (2020020070)

Friðrik Ragnarsson kt.291261-3489 f.h. Bogahöfða ehf kt.481117-0700 og Gónhóls 30 ehf kt.690116-0650 sækir um byggingarleyfi vegna breytingu á eignaskiptum eignar sbr. meðfylgjandi gögnum.

Byggingaráform samþykkt. Gera skal grein fyrir starfsmannaaðstöðu.

6. Hólmgarður 2C (2021030040)

Sigurjón Héðinsson kt.290758-4249 f.h. Sigurjónsbakarí kt.610388-1169 sækir um stöðuleyfi fyrir einum 20 feta gámi á baklóð til 31.03.2022.

Erindi samþykkt. Stöðuleyfi veitt í eitt ár. Lögð er áhersla á snyrtilega umgengni.

7. Iðavellir 1 (2021030049)

Ragnar Róbertsson kt.130963-5019 f.h. Ferðavagna ehf kt.651116-2010 sækir um stöðuleyfi fyrir þrjá 40 feta gáma, einnig fyrir 6 feta bát til 01.03.2022. Staðsetningin er við bil í gafli Iðavalla 1 næst götu.

Erindi hafnað, möguleiki á að veita heimild fyrir einn 40 feta geymslugám til eins árs í senn. Vísað er á aðstöðu í Grófinni-smábátahöfn fyrir staðsetningu og geymslu smábáta.



8. Heiðarendi - gryfjur (2021030084)

Gunnar Már Hreinsson kt.081269-5999 f.h. Rosanaglar ehf kt.451208-0390 sækir um stöðuleyfi til 08.08.2021, fyrir að geyma efni, vélar o.fl. fyrir verkefnið „Ljósleiðaravæðing Reykjanesbæjar“ við gryfjur fyrir enda á götunni Heiðarenda.

Erindi samþykkt. Stöðuleyfi veitt í eitt ár.

9. Gónhóll 9 (2021030083)

Friðrik Ingi Rúnarsson kt.180668-5279 sækir um byggingarleyfi fyrir að setja nýja útidyrhurð/rennihurð á suðurhlið sbr. teikningu frá Guðna S. Sigurðssyni byggingartæknifræðingi dags. 02.03.2021.

Byggingaráform samþykkt.

10. Bjarkardalur 2 (2021030082)

Hjörtur Líndal Hauksson kt.190379-5239 f.h. NOVA kt.531205-0810 sækir um byggingarleyfi fyrir að setja upp fjarskiptabúnað, bæði loftnet og senda sbr. aðaluppdrætti frá MANNVIT verkfræðistofu dags. 16.02.2021.

Erindi samþykkt.

11. Sjávargata 33 (2020010328)

Guðmundur Á Þórðarson kt.120986-3769 f.h. TCI fasteignafélag ehf, kt.450116-0250 sækir um byggingarleyfi fyrir breytingum á innra skipulagi sbr. aðaluppdrætti frá GLÓRU teiknistofu breyttum dags. 04.02.2021.

Erindi frestað. Gögn ófullnægjandi.

Fundargerðin rituð í tölvu og fundarmenn staðfestu fundargerð rafrænt.
Fléira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00